



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur 10. október 2010 kl. 17:15

Boðaðir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ), Elías Karl Guðmundsson (EKG) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU).

Mættir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ).

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin samþykkt.

2. Rekstraráætlanir deilda

Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu áætlanagerðar fyrir komandi tímabil.

Farið var yfir áætlanir fimleikadeilda, meistaraflokka í handknattleik og körfubolta. Þá var farið yfir möguleika aðalstjórnar til ráðstöfunar fjármuna til rekstrar meistaraflokka félagsins á nýbyrjuðu starfsári.

Gjaldkera félagsins falið að yfirfara áætlanir með deildum og stilla af miðað við væntanlegar fjárveitingar. Eftirtaldar fjárveitingar úr afrekssjóði samþykktar:

- |                      |             |
|----------------------|-------------|
| • Fimleikadeild      | 1.000.000,- |
| • Handbolti karla    | 6.500.000,- |
| • Handbolti kvenna   | 6.500.000,- |
| • Knattspyrna karla  | 6.500.000,- |
| • Knattspyrna kvenna | 6.500.000,- |
| • Blakdeild          | 1.700.000,- |

3. 50 ára afmæli UMF Stjörnunnar

Aðalstjórn samþykkir að veita kr. 1.000.000,- til hátíðarhalda vegna 50 ára afmælis félagsins. Nauðsynlegt er að skera niður tillögur afmælisnefndar í ljósi fjárhagsstöðu félagsins. Afmælisnefnd falið að velja úr áður plönuðum atburðum það sem nefndin telur mikilvægast og hrinda í framkvæmd á grundvelli ofangreindrar fjárveitingar.



4. Erindi frá fimleikadeild

- a. Ósk um húsaleigustyrk
  - i. Aðalstjórn samþykkir tímabundinn styrk til deildarinnar að fjárhæð kr. 1.500.000,- til að standa straum að húsnæðiskostnaði v erlendra þjálfara deildarinnar á nýhöfnu tímabili.
- b. Erindi varðandi endurnýjun á búnaði í fimleikahúsi
  - i. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram með fimleikadeild.
- c. Erindi varðandi viðbótarbúnað í fimleikahús
  - i. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram með fimleikadeild.
- d. Erindi varðandi afnot af Stjörnuheimili fyrir fimleikahópa
  - i. Aðalstjórn telur ekki unnt að verða við erindinu. Framkvæmdastjóra falið að fara yfir málið með fimleikadeild.
- e. Erindi varðandi skrifstofuaðstöðu
  - i. Aðalstjórn tekur jákvætt í erindið. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram með fimleikadeild.

Fundi slitið kl. 20:30

Ritað PGr.